

TÓNLEIKAR

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna
í samvinnu við Nótuna 2018


í Seltjarnarneskirkju

laugardaginn 16. febrúar 2019 kl. 16:00



NÓTAN 2018

Uppskeruhátíð tónlistarskóla



Einleikarar:

Bjargey Birgisdóttir (fiðla) og
Jón Ísak Ragnarsson (gítar)

Stjórnendur:

Oliver Kentish og Hallfríður Ólafsdóttir



Efnisskrá:

Wolfgang Amadeus Mozart: Serenaða í Es-dúr fyrir blásara, K375
1. *Allegro maestoso*
2. *Menuetto*
3. *Adagio*
4. *Menuetto*
5. *Allegro*

Joaquín Rodrigo: Tveir kaflar úr Fantasía para un gentilhombre
2. *Espanoleta y fanfare de la Caballería de Nápoles*
3. *Danza de las Hachas*

- HLÉ -

Felix Mendelssohn-Bartholdy: Konsert í e-moll fyrir fiðlu og hljóm sveit, op. 64
Allegro molto appassionato
Andante
Allegretto non troppo – Allegro molto vivace

UM EFNISKRÁNA



Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) samdi nokkrar serenöður fyrir blásara og er sú númer K375 ein sú fyrsta af því tagi. Þessar tónsmíðar voru hugsaðar sem skemmtitónlist til flutnings við hátíðleg tækifæri eða sérstök tilefni. Serenaðan var samin árið 1781 og var upphaflega fyrir sex hljóðfæri, tvö klarinett, tvö horn og tvö fagott. Þegar Mozart frétti af því að stofnaður hafði verið tónlistarhópur með átta hljóðfærum við keisarahirðina bætti hann við tveimur óbóum. Verkið varð strax vinsælt. Tveimur vikum eftir frumflutninginn lýsir tónskáldið því í bréfi til föður síns að hljóðfæraleikararnir hafi komið inn í húsagarðinn við hús hans klukkann 11 um kvöldið þegar hann var að háttu sig og leikið verkið fyrir neðan gluggann hans. Lýsir hann þar hinni ánægjulegu undrun sinni við að heyra fyrsta es-dúr hljóm verksins fyrir utan gluggann. Þessarar ánægjutilfinningar getum við nú í dag orðið aðnjótandi í Seltjarnarneskirkju.



Joaquín Rodrigo (1901-1999) er gjarnan talinn með höfuðtónskáldum Spánar á síðustu öld. Í bernsku missti hann sjónina næstum alveg eftir barnaveikifaraldur en það kom ekki í veg fyrir tónlistarnám. Hann lærði á píanó, fiðlu og fleiri hljóðfæri auk náms í hljómfræði og tónsmíðum. Framhaldsnám stundaði hann í París og átti samskipti þar við mörg áhrifamestu tónskáld síns tíma, svo sem Honegger, Milhaud, Ravel og Manuel de Falla. Hann sneri til baka til heimalandsins 1939 og skömmu síðar var frumfluttur gítarkonsert hans *Concierto de Aranjuez* sem færði honum heimsfrægð og er vafalítið hans þekktasta verk. Rodrigo átti verulegan þátt í að kynna gítarinn sem einleikshljóðfæri. Auk þess að vera afkastamikill tónskáld var hann

einnig virtur fræðimaður og skrifaði greinar um tónlist og tónlistarsögu í blöð og tímarit. Við flytjum í dag tvo kafla úr Fantasíu fyrir séntilmann, sem er oft talið annað þekktasta verk meistarans. Séntilmaðurinn sem hér um ræðir er að öllum líkindum Andrés Segovia, meistari gítarsins, enda var verkið samið að beiðni hans. Hann frumflutti þetta verk árið 1958 í San Francisco með Sinfóníuhljómsveit borgarinnar. Verkið byggir á sex dönsum fyrir gítar eftir sautjándu aldar spænska tónskáldið Gaspar Sanz.



Fiðlukonsert Mendelssohns var frumfluttur 13. mars 1845 og hefur alla tíð síðan verið meðal vinsælustu og mest fluttu fiðlu-konserta tónbókmenntanna. Verkið var samið fyrir Ferdinand David, sem var fremsti fiðluleikari þess tíma í Þýskalandi. David var náinn vinur Mendelssohns og samstarfsmaður, og hafði hann mikil áhrif á gerð verksins. Eftir bréfaskiptum þeirra að dæma hófst tónskáldið handa við konsertinn 7 árum áður en hann var frumfluttur. Í bréfi árið 1838 segir Mendelssohn að konsertinn eigi að vera í e-moll og lýsir því hvernig byrjunarstefið láti hann ekki í friði. Kaflarnir þrír eru leknir án þagnar á milli og má giska á að það hafi Mendelssohn gert til þess að tónleikagestir freistuðust ekki til að klappa á milli þátta. Á slíku framferði hafði hann hina mestu skömm.

NÓTAN - uppskeruhátíð tónlistarskóla - var haldin í níunda sinn vorið 2018. Markmið Nótunnar eru meðal annars að styrkja ungt tónlistarfólk til listsköpunar, og efla listir, menntun og menningu í samfélaginu. Það er gert meðal annars með því að veita tónlistarnemendum viðurkenningu fyrir afrakstur vinnu sinnar og frammistöðu. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna gekk til samstarfs við Nótuna 2016 með því að gefa ungum tónlistarmönnum, þátttakendum í uppskeruhátíðinni tækifæri til að leika einleik með hljómsveitinni. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna þakkar aðstandendum Nótunnar ánægjulega samvinnu og óskar unga tónlistarfólkinu gæfu á tónlistarbrautinni. Að þessu sinni urðu fyrir valinu Jón Ísak Ragnarsson gítarleikari og Bjargey Birgisdóttir fiðluleikari.

Jón Ísak er úr Árbænum og var í Árbæjarskóla öll sín grunnskólaár, en er nú á þriðja ári í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Hann hóf gítarnám við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar hjá Þorvaldi Má Guðmundssyni þegar hann var átta ára og hefur verið hjá honum síðan.

Bjargey Birgisdóttir er 18 ára gömul og hóf fiðlunám 5 ára gömul við Allegro Suzuki-skólann undir handleiðslu Helgu Steinunnar Torfadóttur. Hún stundar nú nám við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og hefur verið nemandi Auðar Hafsteinsdóttur síðastliðin 5 ár. Bjargey stundar einnig nám við Menntaskólann við Hamrahlíð og stefnir á að ljúka stúdentsprófi og framhaldsprófi á fiðlu á þessu ári.

Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga Ragnheiður Óskarsdóttir
Jónína Þórunn Thorarensen
Magdalena Guðrún Bryndísardóttir
Auður Ýr Sigurðardóttir
Ásta Rákel Viðarsdóttir
Anna von Heynitz
Jelena Kuzminova

2. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Helga Andrésdóttir
Rannveig Anna Guðmundsdóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir

Víóla

Þórunn Harðardóttir
Páll Ingvarsson
Súsanna Friðriksdóttir

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Sverrir Teitsson
Guðrún Svana Hilmarsdóttir
Isabel C. Barrio

Bassi

Kjartan Guðnason
Páll Ármann

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Karen Erla Karólínudóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Klarinett

Kristín Þóra Pétursdóttir
Ella Björt Teague Daníelsdóttir

Fagott

Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Shannon Couillard

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Erling Róbert Eydal

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Hringur Gretarsson

Pákur

Frank Aarnink

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.
Sveitin nýtur styrks Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur 2019.



Reykjavíkurborg



NÓTAN 2018

Uppskeruhátíð tónlistarskóla